



**Umsögn Bogveiðifélag Íslands vegna 386.  
mál, lagafrumvarp -vopnalög- bogaeign  
ungmenna.**

**Nefndasvið Alþingis**  
**Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis**  
**Vopnalög Bogfimi ungmenna**  
**386. mál, lagafrumvarp**  
**151. löggjafarþing 2020–202**

**Dags: 04.03.2021**

1.

Bogveiðifélag Íslands fagnar þingmannafrumvarpi um bogaeign ungmenna og þakkar þeim fyrir þetta frumkvæði. Tillögur þingmanna eru í samræmi við kröfur Bogveiðifélag Íslands sem hefur lengi reynt að fá lögum og reglugerðum um bogaeign breytt en því miður hingað til með litlum áhuga yfirvalda hvort sem er að ræða Dómsmálaráðuneyti eða Allsherjar og Menntamálanefnd Alþingis. Bogveiðifélag Íslands þykir frumvarp þingmanna ekki ganga nógu langt og sé því aðeins um að ræða smá plástur í átt til samræminga við norðurlöndin t.d. Frá því að Bogveiðifélag Íslands var stofnað þá höfum við sótt eftir því með ýmsum umsögnum og samtölum við þingmenn ofl í gegnum árin, að í hvert sinn sem vopnalög eru opnuð og þá höfum við óskað eftir breytingum um bogaeign en lítið gengið. Nú er verið að opna á breytingar í vopnalögum um bogaeign. Og vísun við því í svar Allsherjarnefndar á sýnum tíma” **þar sem ekki sé verið að fjalla um bogaeign taki nefndin það ekki fyrir**”. En nú er verið að fjalla um bogaeign og því tilvalið að nefndin taki athugasemdir /umsögn til skoðunar.

Bogi og ör er ekki túlkað sem vopn í t.d reglum ESB/EES en samt eru þau túlkuð sem vopn hér á landi og ekki verið vilji til að breyta þrátt fyrir að verið sé að koma í gegn reglulega breytingum samkvæmt uppfærðu regluverki ESB. Bogveiðifélagi Íslands hefur þótt þessi afstaða yfirvalda orka tvímælis og er í miklu ósamræmi við þau lönd Evrópu sem við viljum bera okkur saman við með ýmsa hluti og er þar einna helst að nefna norðurlöndin. Á norðurlöndunum þá gilda engar reglur um boga og ör. Þar geta allir keypt án leyfis/skráningar óháð aldri, boga, örvar og örvaodda burtséð hvert afl boganna er og hver notkunin er: Æfing,keppni, veiði eða bara hafa gaman. Í þessum löndum þá er ekkert eðlilegra en að taka boga og ör með sér í sumarbústaðin eða í ferðalagið.

Núverandi fyrirkomulag 31. gr. vopnalaga kemur í veg fyrir að ungmenni geti stundað og keppt í bogfimi til samræmis við jafnaldra í öðrum löndum Evrópu þar sem engar hömlur eru á dragþyngd einstaklings til að eiga boga og ör háð aldri

**En í raun þá er 30gr F liður samt stærsta vandamálið.** Gagnvart þeim lið þá hafa starfsmenn Dómsmálaráðuneytis og Umhverfissráðuneytis verið að benda á hvort annað í 10-12 ár af því að annar aðilinn leyfir ekki ákveðinn hlut þá verði það sem hinn aðilinn er að skoða ekki leyft og öfugt, því teljum við að alþingi þurfi að binda á þann hnút og þær breytingar sem við leggjum til hér að neðan er leið til þess. Þetta atriði hefur áhrif á frumvarp sem nú er fyrir Umhverfis og Samgöngunefnd Alþingis. Getum borið þetta saman við t.d afhverju hvalur og selur er ekki inni frumvarpi til nýrra veiðlögjafar. Þar t.d eru 2 ráðuneyti að benda á hvort annað og þar þarf greinilega alþingi til að leysa þann hnút og taka fram fyrir hendur starfsmanna ráðuneyta.

Hér að neðan koma 2 breytinga tillögur/kostir frá Bogveiðifélagi Íslands til breytingu á frumvarpi.

## Tillaga 1

### Tillaga á breytingu á 30 gr F lið

f. lásboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn.

#### Fella út

*f. lásboga, langboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn, svo og örvarodda. Þetta tekur þó ekki til boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi. Þetta tekur þó ekki til boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi*

### Tillaga að breytingu á 31 gr.

31 gr Öllum er heimilt að kaupa og eignast boga, örvar og örvaodda sem ætlað er til æfinga, keppni og veiði án sérstaks leyfis, skráningu, afli og aldri. svo sem langboga, sveigboga og trissuboga ofl

#### Nái ofangreind 31 grein ekki að standa þá bætist við.

“Barni yngra en (16-18) ára má ekki selja eða afhenda örvaodda með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar nema til æfinga og keppni undir eftirliti lögráða einstaklinga.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Fella út

*Barni yngra en 16 ára má ekki selja eða afhenda örvaodda með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar.*

## Tillaga 2

### Tillaga á breytingu á 30 gr F lið

f. lásboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn.

*f. lásboga, langboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn.. Þetta tekur þó ekki til boga, örvaodda sem ætlaðir eru til æfinga, keppni í bogfimi og veiði*

### Tillaga að breytingu á 31 gr.

31 gr **Óbreytt** “Barni yngra en 16 ára má ekki selja eða afhenda örvaodda með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar nema til æfinga og keppni undir eftirliti lögráða einstaklinga.”

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2.

Bent er á í skýringum við frumvarp til vopnalaga frá 1998 segir um 31. gr. að ákvæðið sé í **samræmi við gildandi reglur, að það þyki eðlilegt að setja tiltekin takmörk við kaupum barna á bogum sem kunna að hafa slíkan togkraft að sérstakri hættu geti valdið**. Núverandi lög, reglugerð og þessi texti sem er hér að ofan upphleyptur um bogaeign fullorðna og ungmenna á sér enga hliðstæðu á Norðurlöndum og né í öðrum löndum Evrópu og **sýnir einnig vanþekkingu á málefninu**. Í flestum löndum Evrópu eru engar hömlur á bogfimi eða bogaeign, bogum, örvum eða örvaoddum óháð notkun og eru norðurlöndin þar fremst í flokki.

Núverandi 14 gr reglugerð vopnalaga um bogaeign sem kveður á um skyldu aðild að íþróttafélagi innan ÍSÍ stenst ekki félagafrelsi og hafa mörg sambærileg dómsmál fallið þess efnis en samt hefur verið tregða til að fella hana út. **En einnig með þessari reglugerð 14gr þá er bogaeign með sömu takmörkunum og skammbyssueign það þekkist hvergi**. Með þessum tillögum Bogveiðifélagi Íslands þá værum við að færa okkur nær því sem önnur lönd leyfa. En setjum aðeins strangari skilyrði á ungmenni 16 ára og yngri. En spurning hvort það standist jafnræðisregluna að skilyrða þetta eingöngu við 16 ára aldur þar sem allir að 18 ára aldri eru talin börn samkvæmt íslenskum lögum. Í samtölum við vopnaleyfiseild lögreglu þá hefur komi fram æskilegast sé að bogaeign fari úr vopnalögum eða verði breytt til samræmis við norðurlöndin eins og okkar tillögur kveða um. Núverandi lög hafa einnig í gegnum árin valdið fólki stórum vandræðum með að ferðast til annarra landa og til Íslands aftur. En innan Evrópu þá eru engar hömlur að ferðast með boga og ör í farangursrýmum flugvéla, og farþegarýmum skipa, lesta ofl þar sem við á. Nema þegar verið er að ferðast til og frá Íslandi.

**ATH tillaga 1 myndi leysa allann þann vanda sem lögin og reglugerð skapa í dag og núning á milli ráðuneyta. Og eru líka í samræmi við þær tillögur sem voru lagðar fram með frumvarpi til vopnalaga 2013 en fóru ekki í gegn vegna alþingiskosninga sem voru í raun mikil vonbrigði afhverju það frumvarp var sett á ís með nýrri ríkisstjórn og Dómsmálaráðherra.**

Bogveiðifélag Íslands var stofnað haustið 2010 og eitt af markmiðum þess er að vera hagsmunasamtök bogaeigenda hvort sem verið sé að nota boga til æfinga, keppni, veiði eða dægurstyttingar. Bogveiðifélag Íslands er einnig aðili að næst stærsta bogfimsambandi í heimi IFAA en það bogfimisamband er rekið á sömu hugsjón og UMFÍ íþróttir fyrir alla, fellur það því vel inní hvað Bogveiðifélag Íslands stendur fyrir. **En núverandi löggjöf um bogaeign stendur ekki fyrir bogfimi fyrir alla**. Stjórn Bogveiðifélag Íslands var hissa á að fá ekki umsagnarbeiðni vegna frumvarps miðað við þau samskipti sem það hefur átti við yfirvöld frá 2010.

Stjórn Bogveiðifélag Íslands hvetur Allsherjar og menntamálanefnd taka frumvarp þetta til endurskoðunar til samræmis við tillögur Bogveiðifélag Íslands.

**Við jafnframt óskum eftir að koma á fund nefndar til að skýra mál okkar frekar.**

Fyrir hönd stjórnar

Bogveiðifélag Íslands

Indriði R. Grétarsson

Formaður

[boaveidi@boaveidi.is](mailto:boaveidi@boaveidi.is) /s:854-9944